

# Skotland og sjálfstæði

Kjallari

Þorvaldur Gylfason  
skiffar



Skotar eiga á hættu, að Spán-  
verjar muni beita  
neitunarvaldi gegn aðild  
sjálfstæðs Skotlands að  
ESB.

**S**kotar búa sig nú undir lang-  
þráða þjóðaratkvæða-  
greiðslu um sjálfstætt  
Skotland eftir sjö mánuði,  
18. september 2014. Skozi-  
um aðskilnaðarsinnum hefur vaxið  
fiskur um hrygg. Þeir túlka söguna  
svo, að hēðan í frá yrði hag Skotlands  
trúlega betur borgið utan brezka  
konungdæmisins. Skozi þjóðar-  
flokkurinn hefur nú meiri hluta á  
þjóðpinginu í Edinborg og berst fyrir  
sjálfstæði landsins. Formaður flokks-  
ins og forsætisráðherra Skotlands,  
Alex Salmond, er snjall stjórnsmála-  
maður og flytur sjálfstæðismálið vel.

## Viðskipti og friður

Þegar Skotland sameinaðist Engla-  
ndi og Wales við stofnun Stóra-Bretlands  
1707 undir einum kóngi, vakti það  
helzt fyrir Skotum að öðlast aðgang  
að stórum markaði fyrir varning  
sinn á Engla- og í nýlendumum og  
stuðla að friði. Rökín fyrir samein-  
ingu snerust jöfnun höndum um  
viðskipti og frið og kallast á við rökín  
fyrir stofnun ESB löngu síðar, þar  
eð þau snerust einnig lyrst og fremr  
um viðskipti og frið. Viðskiptaþokin  
og friðarrökkin tengjast, því að órið-  
ur spillir viðskiptum og lífskjörum.  
Sameining Skotlands og Englands  
reynlist vel. Löndin tvö höfðu marga  
hildi hāð á fyrri tið, en frá 1707 hef-  
ur ríkt friður á Bretlandseyjum, ef  
land er undan skilið.

Upphaflegu rökín fyrir samein-  
ingu Skotlands og Englands eiga ekki  
lengu við óbreytt, þar eð Skotland

er sem hluti Bretlands aðili að ESB.  
Skotar eiga að vísu meiri viðskipti  
við Englingdinga en við löndin á  
meginlandi Evrópu, þar eð þjóðir  
kjósar jafnan að eiga helzt skipti við  
granna sína. En það breytir því ekki,  
að Skotland á sem hluti Bretlands  
óskoraðan aðgang að stórmarkaði  
ESB. Því hefur sú hugsun hvarflað að  
mögum Skotum, að þeir þurfi ekki  
lengu á Engla- og í samræmi við  
áður var, þar eð þeim sé nú borgið  
innan ESB. Ákveði Skotar að lýsa yfir  
sjálfstæði, munu þeir óska strax eftir  
áframhaldandi aðild að ESB í sam-  
ræmi við eftirsóku þeirra eftir að-  
gangi að stórum markaði allar götur  
frá 1707 auk þess sem meiri hluti  
Skota er hlynntur aðild að ESB.

Pessi svíðsmynd er nú fyrirferðar-  
meiri en ábur í hugum skozkra kjós-  
enda, þar eð brezka ríkisstjórnin  
undir forstu Íhaldsflokkins sýn-  
ir ýmis merki þess, að hún vilji losa  
um tengsl Bretlands við ESB, og  
að því marki er aðeins ein leið fær:  
úrsögn. Fari svo, að brezka ríkis-  
stjómin láti af því verða að halda  
þjóðaratkvæðagreiðslu um málid  
og niðurstæða hennar verði úrsögn  
Bretlands úr ESB, mun Skotum þykja  
einboðið að lýsa yfir sjálfstæði og  
halda pannig áfram veru sinni í ESB  
á eigin forsendum.

En hér þykknar þráðurinn. Skotar



eiga á hættu, að Spánverjar muni  
beita neitunarvaldi gegn aðild  
sjálfstæðs Skotlands að ESB til að senda  
aðskilnaðarsinnum í Katalóniá skýr  
skilabod um, að Katalóniá muni ekki  
heldur komast inn í ESB sem sjálf-  
stæði þjóð á eigin spýtur. Brezka rík-  
isstjórnin hefur einnig í hótunum  
um að beita neitunarvaldi gegn aðild  
Skotlands, en það getur Bretland þó  
því aðeins gerit, að það verði áfram  
í ESB. Hótanið brezku stjórnarinnar,  
p.e. Englingdinga, í garð Skota eru  
til þess fallnað að hleypa illu blóði í  
kjósendu og geta stuðlað að því, að  
meiri hluti skozkra kjósenda fallist  
á sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu-  
nni 18. september. Fari svo, virðist  
óliklegt, að ESB, sem hefur breitt út  
faðminn til allra átta og nú síðast  
veitt Króatiú innsgöngu, eigi annarra  
kosta völ en að taka einnig við  
Skotlandi. ESB yrði því að finna leið  
til að sætta Spánverja og e.t.v. einnig  
Englingdinga við þær málalyktir.

## Sjálfstæði? Til hvers?

Hvers vegna er mórgum Skotum svo

umhugað um stofnum sjálfstæðs  
ríkis í Skotlandi?

Ein ástæðan er sú, að Skot-  
ar eru smáþjóð og hugsa að ýmsu  
leyti óðruvísi en Englingdingar.  
Margir Skotar kjóssu helzt að sækja  
sér fyrirmyndir til Norðurlanda,  
en margir Englingdingar líta á hinn  
böginn helzt til Bandaríkjanna. Það  
er engin tilvilkjun, að Íhaldsflokkur  
urinn er stersti stjórnsmálaþokkur  
Englands og hefui hverfandi fylgi í  
Skotlandi.

Margir Skotar segja því við enska  
Íhaldsmenn: Þið ættuð að fagna  
sjálfstæðu Skotlandi, því að þá fáið  
þið að stjórn Englandi óæreittir, og  
við fáum að vera í friði fyrir ykkur.  
Við getum átt góð samskipti áfram,  
þótt hreppamörk breytist í landa-  
mæri.

Eina geta Skotar treyst hvað  
sem verður. Niðurstaða þjóðarat-  
kvæðagreiðslunnar um sjálfstæði  
Skotlands 18. september n.k. verður  
virt. Brezka pingið mun ekki fremjá  
valdarán með því að hafa úrslit  
atkvæðagreiðslunnar að engu. ■